
Dæmi um útreikning vegins meðaltals

Fjöldi daga frá fullnaðargreiðslu til upphafs ferðar (N)

Í ferð eru 280 farþegar, 30 þeirra greiða ferð að fullu 90 dögum fyrir upphaf hennar, 40 greiða ferð að fullu 85 dögum fyrir upphaf, 190 greiða ferð að fullu 60 dögum fyrir upphaf og 20 greiða að fullu 15 dögum fyrir upphaf.

N er reiknað: $(30 \cdot 90 + 40 \cdot 85 + 190 \cdot 60 + 20 \cdot 15) / 280 = 17.800 / 280 = 63,57$

N er 64 dagar (námunnað að næstu heilu tölu).

Ef greitt er fyrir pakkaferð í tveimur eða fleiri greiðslum að frátalinni staðfestingargreiðslu skal reikna N á grundvelli hlutfalls af heildarverði sem mótttekið er á hverjum tíma.

Tökum dæmi af ferð sem greidd er í fjórum greiðslum alls, þ.e. staðfestingargreiðslu og þremur (3) öðrum innborgunum:

Staðfestingargreiðsla	15%	
Greiðsla 2	15%	12 vikum (84 dögum fyrir brottför)
Greiðsla 3	25%	6 vikum (42 dögum fyrir brottför)
Greiðsla 4 (lokagreiðsla)	45%	4 vikum (28 dögum fyrir brottför)

N er reiknað:

84 dagar * 30% (staðfestingargreiðsla og næsta innborgun) = 25,2 dagar

42 dagar * 25% = 10,5 dagar

28 dagar * 45% = 12,6 dagar

N verður: 25,2 dagar + 10,5 dagar + 12,6 dagar = **48,3 dagar.**

Greiði farþegar á mismunandi tímum er nægilegt að halda saman heildarfjárhæð sem móttekin er á hverjum tíma og reikna út frá henni hlutfall af heildarverði (ekki er nauðsynlegt að reikna vengið meðaltal fyrir fjölda farþega).

Dæmi:

Í ferð eru 300 farþegar, verð á mann er kr. 320.000, heildarsöluverð ferðarinnar er því kr. 96.000.000. Staðfestingargreiðslur eru alls 9.600.000 greiddar á bilinu frá 10 mánuðum til 6 mánuðum fyrir ferð. 15 vikum (105 dögum) fyrir brottför er heildarfjárhæð móttékinna greiðslna auk staðfestingargreiðslna kr. 32.000.000, 8 vikum (56 dögum) fyrir brottför er heildarfjárhæð móttékinna greiðslna auk staðfestingargreiðslna kr. 70.000.000 og 4 vikum (28 dögum) fyrir brottför eru móttæknar greiðslur auk staðfestingargreiðslna kr. 86.400.000 og ferðin því að fullu greidd ($9.600.000 + 86.400.000 = 96.000.000$).

Hlutfall heildarverðs sem mótttekið er á hverjum tíma er reiknað:

105 dögum fyrir brottför eru alls móttæknar kr. 41.600.000 ($32.000.000 + 9.600.000$) eða 43% af heildarverði ferðar.

56 dögum fyrir brottför eru til viðbótar móttæknar kr. 28.400.000 ($70.000.000 - 41.600.000$) eða 30% af heildarverði ferðar.

28 dögum fyrir brottför er móttækin viðbót kr. 16.400.000 (86.400.000-70.000.000) eða 17% af verði ferðar.

N er reiknað:

105 dagar *43% = 45,15 dagar

56 dagar*30% = 16,8 dagar

28 dagar*17% = 4,76 dagar

N verður: 45,15 dagar + 16,8 dagar + 4,76 dagar = **66,71 dagar**.

Vegin meðallengd ferða í dögum (d)

Í ferð eru 75 farþegar, 50 dvelja í 10 daga, 20 dvelja í 7 daga og 15 dvelja í 12 daga.

d er reiknað: $(50*10+20*7+15*12)/75 = 820/75 = 10,93$

d er 11 dagar (námunnað að næstu heilu tölu).